



Jón Sigurðsson
1811–2011

Kennsluhugmyndir

Jón Sigurðsson 1811 – 2011

Kennsluhugmyndir á vef

© 2011 Helgi Grímsson

© Ljósmyndir: Davíð Davíðsson bls. 15

Ellen Klara Eyjólfssdóttir bls.16 og ljósmyndir í ratleikjum,
Ólafur Valsson: kort

Wikipedia: bls. 19

Þjóðminjasafnið myndir af Jóni Sigurðssyni

Ritstjórn: Sigrún Sóley Jökulsdóttir

Yfirlestur og ráðgjöf: Valdimar J Halldórsson

staðarhaldari á Hrafneyri

Sigrún Sigurðardóttir grunnskólakennari

Sigríður Jóhannsdóttir grunnskólakennari

Prófarkalestur: Þórdís Guðjónsdóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2011

Námsgagnastofnun

Kópavogi

Umbrot og útlit: Námsgagnastofnun



Til kennara

17. júní 2011 eru liðin 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar, forseta (1811–1879). Jón var fræðimaður og heimsmaður sem flutti til Íslands hugmyndir um lýðræði og frelsi. Jón varð að þjóðhetju með forystu sinni í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld. Allar götur síðan hefur minningin um hann verið sterk meðal landsmanna. Þessum kennsluleiðbeiningum er ætlað að auðvelda kennurum að skipuleggja með nemendum vinnu sem hefur að markmiði að draga upp mynd af lífi og starfi Jóns Sigurðssonar og veita innsýn í þátt hans í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

Umfjöllunarefnið tengist áherslum aðalnámskrár grunnskóla með skýrum hætti, sérstaklega á ungingastigi.

Í þessum kennsluleiðbeiningum er ekki kveðið fast að orði um eitthvert ákveðið skiplag náms og kennslu. Vinnan gæti verið allt frá því að hafa stutta innlögn og síðan hálf dags vettvangsferð yfir í að vera nokkurra vikna þema fyrir tiltekinn aldurshóp. Einnig gæti allur skólinn nálgast Jón og umfjöllun um sjálfstæði í nokkurra daga löngu þemaverkefni. Þar veldur hver á heldur.

Kennsluleiðbeiningarnar skiptast í nokkra hluta:

- Almennar leiðbeiningar um námsgögn og kennslu viðfangsefnisins.
- Vettvangsferðir og ratleikir.
- Ýmis verkefni.
- Heimildir og ítarefni.

Námskrá og námsbækur sem fjalla um Jón Sigurðsson

Aðalnámskrá leggur áherslu á að skólinn sé lifandi vettvangur náms og að nemendur fái fjölbreytt tækifæri til þess að fjalla um málefni líðandi stundar í námi sínu. Samkvæmt aðalnámskrá skulu nemendur á unglungastigi fjalla um líf og starf Jóns Sigurðssonar. Í umfjöllun um hann gefast ýmis tækifæri til að tengja saman skóla, heimili, umhverfi og samfélag.

Þær námsbækur sem Námsgagnastofnun gefur út og fjalla að nokkru eða öllu leyti um Jón eru:

- *Sögueyjan 2. hefti* (1520–1900) eftir Leif Reynisson (2010). Í bókinni eru m.a. kaflarnir: Reykjavík sem höfuðstaður, Sjálfstæðisbaráttan, Efnahagsfrelsi og Endalok bændasamfélagsins. Bókin er ætluð nemendum á miðstigi grunnskóla.
- *Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar* eftir Árna Daniél Júlíusson (2000). Bókin er ætluð til kennslu í sögu á unglungastigi grunnskóla.
- *Árið 1918* eftir Helga Grímsson (2009). Hluti bókarinnar fjallar um sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Bókin er ætluð til þemakennslu á unglungastigi grunnskóla.
- Af vef Námsgagnastofnunar er einnig hægt að hlaða niður leikinni sjónvarpsmynd: Jón Sigurðsson. Myndin fjallar um ævi og störf Jóns Sigurðssonar; dvöl hans í Kaupmannahöfn og áhrif hans á sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Myndin er 52 mínútur að lengd og kom út árið 1994.

Jón Sigurðsson – vefheimildir

<http://jonsigurdsson.is>

Ítarlegur vefur um minningarár Jóns Sigurðssonar. Forsætisráðuneytið léti gera þennan vef. Á vefnum er yfirlit um helstu viðburði afmælisársins, stutt æviágrip, mynd og tenglasafn.

<http://hrafnseyri.is>

Vefur minjasafnsins á Hrafnseyri. Á vefnum er m.a. að finna margvíslegan fróðleik um ævi Jóns Sigurðssonar, Hrafnseyri og ræður sem fluttar hafa verið á Hrafnseyrarhátíðum. Á safninu er ljósmyndasýning um líf og starf Jóns, endugerður fæðingarbær hans. Þar er einnig að finna gripi, bækur, myndir og aðra minnisverða hluti úr eigu hans.

Vefur húss Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn. Á vefnum er að finna upplýsingar um starfsemi hússins. Jónshús í Kaupmannahöfn hefur verið í eigu Alþingis frá árinu 1966 er Carl Sæmundsen stórkaupmaður gaf það í minningu Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur. Auk sýningar um æfi og störf Jóns Sigurðssonar er húsið fyrst og fremst rammi um félagsstarfsemi þeirra fjölmörgu Íslendinga sem búsettir eru á Kaupmannahafnar-svæðinu.

Gagnrýnin hugsun

Í kennslu á ungingastigi er eindregið mælt gegn þeirri aðferð að hefja Jón á stall, tala eingöngu um glæsta þátíð og sneiða hjá umræðu um nútíð og framtíð.

Vissulega þykir mörgum snúið að fjalla í skólastarfi um „hápólítisk mál“. Myndi Jón Sigurðsson vera Evrópusinni ef hann væri uppi nú? spyr Árni Daníel Júlíusson í bók sinni Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar. Hægt er að hvetja nemendur til að bera sjálfstæðisbaráttu 19. aldar saman við umræðu samtímans um Evrópusambandið. Þá gæti verið gagnlegt að bera saman nútíð og þátíð, þ.e. þá stefnu Evrópuþjóða að taka saman höndum og verða sameiginlegt afl í alþjóðasamfélaginu, samanborið við nýlendustefnu liðinna alda.

Þegar Jón kemur til Danmerkur 1833, þá er danska konungsríkið fjölþjóða ríki. Þjóðernisstefnan stuðlaði bæði að sundrungu og sameiningu í samfélaginu. Þýskumælandi þegnar í Slésvík og Holtsetalandi kröfðust sérstaks ríkis eða sameiningar við Þýskaland. Norðmenn slitu sig lausa 1814 og Íslendingar, með Jón Sigurðsson í broddi fylkingar, töldu sig eiga rétt á sérstöku þjóðríki. Þá kom upp hreyfing meðal Dana sjálfra um að Danmörk ætti fyrst og fremst að vera þjóðríki. Þjóðernisstefnan stuðlaði þannig að sundrung innan danska konungsveldisins en samtímis að sameiningu fólks innan þjóðernishreyfinganna í þessum löndum. Það lýsti sér meðal annars í auknum áhuga þeirra á hvers konar þjóðfræðum, þar sem áhersla var lögð á að kanna rætur þjóða og jafnvel upphefja þær.

Spyrja má hvort þessi þjóðsköpun sé ekki ein af orsökum þess hversu erfiðlega okkur gengur í dag að lifa saman í fjölmennigarlegu samfélagi. Má það vera að þessi áhersla á sameiginlega menningu, siði og venjur, þar sem sumir fá að tilheyra „hópnum“ (þ.e. þjóðinni), en öðrum haldið utan við með tilbúnum landamærum, ríkisborgararéttindum, skilríkjum og öðru viðlíka, hafi sína galla?

Auðvelt er að tengja viðfangsefnið íslenskri samtíð og nálgast það á þann veg að það krefjist gagnrýnninnar og skapandi hugsunar nemenda. Nemendur eiga að beita athugunum og draga einfaldar ályktanir út frá vísbendingum. Þeir þurfa að velta því fyrir hvað hægt er að læra af fortíðinni og hvernig sú vitneskja getur verið til hagsbóta fyrir samfélagið hverju sinni. Framtíðin veltur á fortíð og nútíð, þess vegna skiptir miklu máli að nemendur tileinki sér vilja til þess að rýna samtíð sína og fortíð þjóðarinnar.

Tjáning og hlustun

Mikilvægt er að kennarar hvetji nemendur til þess að segja frá hugsunum sínum, skoðunum og tilfinningum, hvort heldur er formlega eða óformlega, yfir nemenda-hópinn í heild eða í minni hópum.

Tjáning getur einnig verið leikraen og með myndsköpun (sjá verkefni). Með því að beita fjölbreyttum aðferðum við tjáningu fá fleiri nemendur tækifæri til þess að koma hugsunum sínum á áhrifaríkan hátt á framfæri, auk þess sem fjölbreytni í tjáningu gefur möguleika á sampættingu.

Samskipti felast ekki aðeins í tjáningu heldur verður einhver að taka á móti því sem tjáð er. Hlustun og áhorf þarf að proskast samhliða tjáningaráhæfninni. Nemendur verða að tileinka sér þá hæfni að einbeita sér að því sem aðrir hafa fram að færa, virða sjónarmið annarra og taka tillit til þarfa ólíkra einstaklinga.

Hópstarf

Kennsluhættir þurfa að vera fjölbreytilegir og miðast við að sérhver nemandi geti nýtt hæfileika sína og krafta sem best. Eindregið er hvatt til þess að nemendur vinni í hópum að úrlausn þeirra verkefna sem verða fyrir valinu.

Verkefnin sem eru kynnt í þessum kennsluleiðbeiningum gera ráð fyrir að hluti vinnunnar fari fram í samstarfi nemenda og þeir vinni saman að öflun upplýsinga og fjölbreyttri úrvinnslu þeirra. Kennarar eru því eindregið hvattir til þess að láta nemendur vinna í hópum í umfjöllun sinni um Jón Sigurðsson. Blöndun í hópa og verkaskipting í hópum skiptir hins vegar sköpum fyrir áframhaldandi starf.

Eins þarf að kenna nemendum að vinna í hópum. Miklu skiptir að nemendur komi sér upp skýrri verkaskiptingu svo að hver og einn nemandi hafi hlutverk í hópnum og verkefnavinnunni. Hver er ritari, tímaþörður, sáttasemjari, verkstjóri? Hver er klár á tölvu, hver teiknar, hver er góður ljósmyndari, hver klár í stærðfræðinni, hver er góður að lesa landakort, hver hefur næmt auga fyrir stafsetningu?

Vinna þarf gegn mismunun af ýmsum toga, svo sem því að nemendur festist um of í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar og sérstaklega skal það athugað að einstaklingar af báðum kynjum fái sambærileg og jafngild tækifæri.

Þá ber einnig að virða ólíkan menningarbakgrunn nemenda og nýta hann á uppgögilegan máta í umræðunni. Hvernig upplifa og skilgreina nemendur hugtök eins og fordóma, óréttlæti, jafnrétti, mannréttindi og sjálfstæði? Hvaða sögur hafa nemendur okkar að segja, frá sjálfum sér eða fjölskyldu sinni hvort sem rætur hennar liggja hér innan lands eða erlendis? Jón bjó mestan sinn aldur (eða frá 22 ára aldri) í Danmörku, þaðan sem hann hjálpaði fjölskyldu sinni og mörgum löndum sínum, bæði heima og heiman, eins og það fólk sem flyst til Íslands frá öðrum löndum gerir nú til dags.

Sjálfsmat – jafningjamat

Ágætt tæki til að bæta vinnubrögð nemenda í hópvinnu eru jafningjamat og sjálfsmat (sjá til dæmis kennsluleiðbeiningar þemaheftisins Árið 1918). Slík vinnubrögð í námsmati stuðla að því að nemendur ígrundi og rökstyðji hvernig tókst til og leggi sig fram um að gera betur í samvinnu og hópastarfi.

Sjálfsmat – sýnishorn

Nafn _____

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Ég skildi tilganginn með verkefninu.				
Ég nýtti tímann vel.				
Ég leitaði aðstoðar ef mig vantaði hjálp.				
Ég vandaði mig við úrlausn og frágang verkefna.				
Ég lagði mig fram í samskiptum.				
Ég tók virkan þátt í hópstarfinu.				
Ég var jákvæður fyrir hópstarfinu og verkefninu.				
Ég stóð við það sem ég lofaði í hópvinnunni.				
Ég var virk(ur) og hvetjandi í hópvinnunni.				
Ég var ánægð(ur) með þátt minn í kynningu verkefnis.				

Jafningjamat – sýnishorn

Nafn nemanda sem metinn er: _____

	Alltaf	Oftast	Stundum	Sjaldan
Kom á fundi og var stundvís.				
Kom með öll gögn og var dugleg(ur) á fundum.				
Lauk þeim verkefnum sem hún/hann tók að sér.				
Hafði hvetjandi áhrif innan hópsins.				
Tók virkan þátt allt vinnuferlið.				
Deildi hugmyndum sínum með öðrum.				
Var jákvæð(ur) gagnvart hugmyndum annarra.				
Hafði gott skipulag á gögnum.				
Var vandvirk(ur) í vinnubrögðum.				

Aðrir í hópnum:

Ýmsar ábendingar

Áður en hafist er handa getur kennari haft stutta **forkönnun** til þess að meta hversu vel nemendur þekkja til umfjöllunarefnisins.

Áður en kemur að hópaskiptingu getur kennari gert stutta **áhugasviðakönnun** til þess að meta betur hvernig hann skiptir nemendum í hópa.

Nemendur þurfa að vera vel meðvitaðir um **verkaskiptingu og hlutverk** hvers og eins í hópverkefnunum.

Æskilegt er að nemendur fái þjálfun í **meðferð heimilda**. Ágæt æfing væri til dæmis að láta nemendur gera stuttan útdrátt úr æviágripi Jóns Sigurðssonar á www.jonsigurdsson.is og velja stuttan texta sem **beina tilvísun**.

Vettvangsferðir – útikennsla

Í aðalnámskrá er litið svo á að útikennsla auðgi og styrki allt nám ásamt því að vera holl bæði líkama og sál. Misauðvelt er um vik fyrir skóla að skipuleggja vettvangsnám í tengslum við Jón Sigurðsson. Hér á eftir eru gefnar nokkrar hugmyndir um vettvangsheimsóknir en flestar miðast þær við miðbæ Reykjavíkur.

Í vettvangsferðum er áríðandi að hafa öryggi nemendahópsins í öndvegi. Hver skóli verður að setja sér reglur um vettvangsferðir og hvort eða hversu marga aðstoðarmenn kennari hefur með sér þegar farið er í ferðir utan skólalóðar. Slysavarnir og skyndihjálp þarf ætíð að hafa í huga við útikennslu og þegar farið er í vettvangsferðir.

Ratleikir

Auðvelt er að skipuleggja ratleik þar sem nemendur staldra við á nokkrum stöðum, fræðast og leysa skemmtileg verkefni. Það fer eftir aldri nemenda hvernig ratleikurinn er skipulagður. Eftir því sem þeir eru yngri þurfa þeir meiri aðstoð, eftirlit og jafnvel fylgd.

Hér á eftir er aðallega fjallað um möguleikana í miðbæ Reykjavíkur en annars staðar á landinu gætu nemendur grafið upp fróðleik um heimsóknir Jóns á bæi í héraðinu og/eða bréfaskipti hans við fólk á svæðinu, því hann skrifaði mörg bréf til fólks víðs vegar um landið. Opnaður verður aðgangur að þúsundum stafrænna gagna á vefnum <http://www.jonsigurdsson.is> til frjálsra afnota fyrir almenning og fræðasamfélagið, og þar á meðal bréf Jóns. Að þessu verkefni standa Landsbókasafn Íslands – Háskólaþókasafn, Þjóðskjalasafn Íslands, Þjóðminjasafn Íslands og Skjalasafn Alþingis.

Ratleikur 1 um miðborg Reykjavíkur

fyrir miðstig og/eða unglungastig

Í miðborg Reykjavíkur eru fjölmargar sögufrægar byggingar. Sumar þeirra tengjast, beint eða óbeint, áföngum í auknu sjálfstæði lands og þjóðar.

Í þessum kennsluhugmyndabanka fylgja tvær hugmyndir að ratleikjum sem hægt er að prenta út fyrir nemendahópana ásamt korti af miðbæ Reykjavíkur.

Skiptið nemendahópnum upp í 2–4 manna hópa og látið hvern hót byrja á tilteknum stað (hópur 1 á stöð 1, hópur 2 á stöð 2 o.s.frv.) og fara svo á milli staða í réttri númeraröð.

Hér að neðan er að finna vefsloðir á ítarefni sem tengist hverri og einni stöð. Kennari vegur og metur hvort og hverju hann bætir við í textann í lýsingu stöðvanna.

Verkefnunum er m.a. ætlað að sjá til þess að nemendur geti sýnt fram á að þeir hafi farið allan hringinn. Látið hvern hót hafa með sér skriffað vegna úrlausnar verkefnumanna. Leikurinn krefst nokkurrar leikni í rötun og kortalestri. Fyrir yngri nemendur gæti verið kostur að hafa ljósmynd af viðfangsefninu.

Mikilvægt er að kennari sé staddur á fyrir fram ákveðnum stað þar sem nemendur geta fengið aðstoð ef þeir villast. Þá er sjálfsagt að brýna fyrir nemendum gott samstarf og prúðmannlega framkomu.

1. stöð – Menntaskólinn í Reykjavík

Menntaskólinn í Reykjavík á rætur að rekja til biskupsstólsins í Skálholti sem stofn-aður var árið 1056. Skólinn var fluttur til Reykjavíkur árið 1786 í hús á Hólavelli ofan Suðurgötu. Húsakynnin þar reyndust léleg og skólinn fékk inni á Bessastöðum árið 1805. Hann var starfræktur þar uns nýtt skólahús hafði verið reist í Reykjavík. Það var stærsta hús á landinu og þangað var skólinn fluttur haustið 1846. Hann nefndist Reykjavíkur lærði skóli, en var einnig kallaður Reykjavíkurskóli (Schola Reykjavicensis á latínu), Lærði skólinn eða Latínuskólinn.

[Menntaskólinn í Reykjavík](#)

Verkefni: Farið að tröppum Menntaskólans í Reykjavík sem vísa að Lækjargötu og skrifidi niður það sem stendur á plötu um Þjóðfundinn.

Svar: Það eru tvö spjöld annað rekur sögu Menntaskólans í mjög grófum dráttum. Á hinu segir: Þjóðfundurinn var haldinn í þessu húsi 5.júní – 9. ágúst 1851
Reykjavíkurfélagið 1951

2. stöð – Dómkirkjan í Reykjavík

Dómkirkjan í Reykjavík var byggð á árunum 1787–1796 en það ár var hún vígð. Hún var byggð úr steini þó svo að upphaflega hafi staðið til að byggja hana úr timbri. Segja má að Dómkirkja sé Guðshús, þar sem biskup á sinn opinbera veldisstól eða öndvegi.

[Dómkirkjan í Reykjavík.](#)

Verkefni: Skoðið húsið vel. Finnið eitthvað í útliti hússins sem vekur athygli ykkar og teiknið það upp.

Svar: *Mismundandi útfærslur*

3. stöð – Alþingishúsið

Alþingi hefur aðsetur í Alþingishúsinu. Hlutverk Alþingis er að ákveða hvaða lög gilda í landinu. Haustið 1879 var hafist handa við að grafa fyrir grunni og einnig að höggva grjót til byggingarinnar. Grjótið í Alþingishúsið var aðallega tekið úr Þingholtunum þar sem nú er Óðinsgata. Var það klofið með járn- eða stálfleygum eða sprengt með púðri. Grjótið var síðan flutt í vinnuskúr og höggvið til og var ýmist flutt á vögnum eða dregið á sleðum að húsgrunninum. Alþingishúsið var vígt árið 1881.

[Heimasíða Alþingis](#)

Verkefni: Hvaða ártöl eru skráð á húsið?

Svar: *Það er aðeins eitt ártal letrað á húsið og það er ártalið 1881. Alþingi kom saman í fyrsta sinn í Alþingishúsinu við Austurvöll. Hornsteinn hússins var lagður rúmu ári áður.*

4. stöð – Minnisvarði Jóns Sigurðssonar

Fyrir framan Alþingishúsið stendur minnisvarði Jóns Sigurðssonar sem leiddi frelsisbaráttu Íslendinga fyrr á tímum. Minnisvarðinn stóð upphaflega fyrir framan Stjórnarráðshúsið við Lækjargötu og var afhjúpaður 10. september 1911. Árið 1931 var hann fluttur á Austurvöll fyrir framan Alþingishúsið, þar sem hann hefur staðið síðan.

[Minnisvarði um Jón Sigurðsson](#)

[Saga minnisvarðans](#)

Verkefni: Myndin á stallinum ber ákveðið nafn. Hvert haldið þið að það nafn sé? Hverju er myndin að lýsa?

Svar: Myndin heitir Brautryðjandinn og er eftir Einar Jónsson. Verkið sýnir mann sem fjarlægir stuðlaberg úr veginum meðan aðrir standa og bíða á lengdar. Maðurinn er því að ryðja braut fyrir aðra.

5. stöð – Innréttningar Skúla Magnússonar

Aðalstræti 10 er eitt af húsum Innrétttinga sem mörkuðu upphafi iðnaðar á Íslandi og stuðluðu að þéttbýli í Reykjavík. Húsins risu á árunum upp úr 1752. Þar með hófst saga höfuðstöðvar landsins. Þetta fyrirtæki lagði megináherslu á ullariðnað en einnig umfangsmikinn sjávarútveg og akuryrkju. Í þessu húsi og nálægum fór ullariðnaðurinn einkum fram.

Innrétttingarnar

Verkefni: Teiknið upp húsið á blað. Hvaða starfsemi hýsir þetta hús nú?

Svar: Kontor og Magazinhús var skrifstofa og verslun Innrétttinganna. og var það reist um 1762 . Það hýsir nú Fógetastofu og svo miðstöð fyrir handverk og hönnun (Kraum).

6. stöð – Stjórnarráðið

Stjórnarráðið er bústaður forsætisráðherraembættisins en húsið var upphaflega reist sem fangelsi (tukthús). Tukthúsið var talið geta rúmað 16 stórglæpamenn og 54 venjulega fanga og var byggingu þess lokið veturninn 1770–1771. Eftir 35 ára notkun var því lokað vegna fátækta og ákveðið að tukthúslimirnir, sem þar voru geymdir, skyldu sendast á sínar sveitir „inntil frekari ráðstöfunar“. Árið 1820 var húsinu breytt í embættisbústað stiftamtmanns, æðsta embættismanns Danakonungs hér á landi. Þegar Íslendingar fengu heimastjórn (1904) var húsinu breytt í stjórnarráðs-skrifstofu. Hátíðarhöldin á fullveldisdaginn 1. desember 1918 fóru meðal annars fram fyrir framan stjórnarráðið.

Forsætisráðuneytið

Verkefni: Af hverjum eru styttturnar fyrir framan stjórnarráðið?

Svar: Styttturnar eru af Hannesi Hafstein Ráðherra og Kristjáni 9. Danakonungi. Það gæti nú verið nokkuð snúið fyrir nemendur að finna það út þar sem að styttan af Kristjáni er merkt með konungstákni hans. C með kórónu og rómversku tölunni IX í miðju.

7. stöð – Þjóðmenningarhúsið

Þjóðmenningarhúsið var byggt fyrir Landsbókasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands á árunum 1906 til 1908 og opnað almennungi vorið 1909. Þjóðminjasafn Íslands og Náttúrugripasafn Íslands voru einnig í húsinu um langt árabil. Í Safnahúsinu, eins og það var fljótlega kallað, voru því lengi vel undir einu þaki allir helstu dýrgripir íslensku þjóðarinnar. Þjóðmenningarhúsið hýsir nú margar sýningar um sögu Íslands.

Þjóðmenningarhúsið

Verkefni: Hvaða sýningar eru í húsinu núna?

Svar: Mismunandi svör

8. stöð – Þjóðleikhúsið

Hugmyndinni um Þjóðleikhús var í fyrsta sinn varpað fram skriflega, svo vitað sé, í sendibréfi árið 1873 af Indriða Einarssyni. Indriði setur formlega fram hugmynd sína um Þjóðleikhús 34 árum síðar, í tímaritinu *Skírni*, með hugmyndum um stærð hússins og útbúnað og tilheyrandi útreikningi á kostnaði. Þjóðleikhúsið er eitt merkasta leikhús þjóðarinnar og var það vígt árið 1950.

Þjóðleikhúsið

Verkefni: Skrifið niður nöfn á tveim leikritum sem sýnd eru í Þjóðleikhúsinu.

Svar: Mismundandi svör

Hittumst aftur að leik loknum á Lækjartorgi kl. _____

Ratleikur 2 um Austurvöll fyrir 1. – 4. bekk

1. stöð – Alþingishúsið

Þetta er Alþingishúsið. Hér ákveða alþingismenn hvaða lög gilda á Íslandi.

Verkefni: Safnist saman við tröppur hússins. Nemendur koma með tillögu að einhverjum lögum sem þeir vilja að gildi á Íslandi. Geta bekkjarreglur til dæmis hjálpað eitthvað?

2. stöð – Viðbygging Alþingishússins

Alþingishúsið er mjög gamalt hús en það var vígt árið 1881. Fyrir nokkrum árum var byggt við húsið.

Verkefni: Safnist saman fyrir framan dyrnar á viðbyggingunni og syngið saman: Öxar við ána.

3. stöð – Nefndarsvið Alþingis

Á Íslandi er lýðræði. Það þýðir að þjóðin ræður sínum málum. Í alþingiskosningum kjósum við alþingismenn á Alþingi. Þannig veljum við fólk ið sem ákveður hvaða lög skuli gilda í landinu. Til þess að stýra landinu á réttan hátt er mikilvægt að skoða mál frá mörgum hliðum og að fólk fái tækifæri til þess að segja sína skoðun. Í þessu húsi halda alþingismenn marga fundi og fá til sín fjölmarga aðila til þess að heyra skoðun þeirra.

Verkefni: Teiknið mynd af íslenska fánanum.

4. stöð – Minnisvarði Jóns Sigurðssonar

Þetta er minnisvarði um Jón Sigurðsson. Jón fæddist 17. júní árið 1811. Einu sinni var Ísland hluti af Danmörku. Jón var leiðtogi þjóðarinnar í sjálfstæðisbaráttu okkar fyrir mörgum árum. Þess vegna var þessi minnisvarði reistur svo við gleymum aldrei Jóni og baráttu hans fyrir sjálfstæði Íslendinga.

Verkefni: Stillið ykkur upp eins og myndastyttrur ef einhverjum sem ykkur finnst vera merkilegur – hvaða myndastytta er hver og einn?

Ýmsar vettvangsferðir

Þjóðmenningarhúsið

Um miðjan janúar 2011 verður opnuð í Þjóðmenningarhúsinu sýningin: Óskabarn. Höfundar sýningarinnar eru Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur og Sigurjón Jóhannsson myndlistarmaður.

Meginstef sýningarárinnar eru þrjú:

- Æska og uppvöxtur Jóns Sigurðssonar heima á Hrafnseyri 1811–1829 og daglegt líf á bænum.
- Unglingsár Jóns í Reykjavík 1829–33, hann fór að heiman 18 ára til að taka stúdentspróf.
- Priðja stefið er svo Sigurður, systursonur Jóns, sem þau Ingibjörg tóku í fóstur átta ára gamlan, en þau voru sjálf barnlaus.

Þjóðminjasafnið

Á fastasýningu Þjóðminjasafnsins „Þjóð verður til“ er sérstök umfjöllun um Jón Sigurðsson og sjálfstæðisbaráttuna.

Seðlabankinn

Í mars 2011 verður opnuð sýningin „Opinber mynd“. Á henni eru seðlar, mynt, frímerki og minjagripir með mynd Jóns Sigurðssonar. Sýningin er samstarfsverkefni myntsafns Seðlabanka Íslands, Þjóðminjasafns Íslands og Myntsafnarafélag Íslands.

Víkin – Sjóminjasafn og Byggðasafn Vestfjarða

Sýningin „Lítill fiskibók“ verður opnuð í Víkinni á Hátíð hafsins í Reykjavík 4. júní og á Ísafirði á Sjómannadaginn 5. júní 2011. Sýningin er samvinnuverkefni Víkurinnar og Byggðasafns Vestfjarða. Sýningin er byggð á samnefndu kveri Jóns Sigurðssonar frá 1859 um fiskveiðar.

Sjóminjasöfnin í Reykjavík og á Ísafirði hafa sameinast um þetta verkefni. Þau byggja á safnkosti sínum hvort á sínum stað með sameiginlegan útgangspunkt.

Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri

Safnið var opnað og kapellan vígð á Hrafnseyrarhátíð 3. ágúst 1980. Ný sýning í Safni Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri verður opnuð á Hrafnseyrarhátíð 17. júní 2011. Þetta er nýstárleg og spennandi sýning um líf og starf Jóns Sigurðssonar, einkahagi, vísindastörf og stjórnsmálaþátttöku.



Hrafnseyri við Arnarfjörð.

Jón Sigurðsson og Reykjavík

Tengsl Jóns Sigurðssonar við Reykjavík voru talsverð. Hann kom til Reykjavíkur vorið 1829, þá 17 ára gamall, til að taka stúdentspróf. Hann bjó þar í rúm fjögur ár þar til hann sigldi til náms í Kaupmannahöfn.

Eftir endurreisn Alþingis 1845 kom hann 14 sinnum til þings og dvaldi í Reykjavík yfir þingtímann. Hann bjó þá m.a. í Aðalstræti 10 hjá Jens bróður sínum, í Lærða skólanum eftir að Jens varð þar rektor, og víðar í bænum. Jón Sigurðsson átti stóran þátt í því að velja Alþingi stað í Reykjavík en ekki á Þingvöllum eins og margir vildu.

Lík þeirra hjóna, Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur, voru flutt til Reykjavíkur vorið 1880 og hvíla í Hólavallagarði.

Viðkomustaðir í gönguferð væru því Minnismerkið á Austurvelli, Alþingishúsið, Menntaskólinn í Reykjavík og Hólavallagarður.

Byggðasafnið mitt

Út um allt land eru starfrækt merk byggðasöfn. Í flestum þeirra má finna muni sem tengjast menningu og tíðaranda 19. aldarinnar. Það væri ekki úr vegi að stofna til samstarfs og byggja upp ratleik um safnið með munum sem helst tengjast sögu Jóns Sigurðssonar og 19. öldinni.



Brautryðjandinn eftir Einar Jónsson.

Útilistaverk í Reykjavík

Á vef Listasafns Reykjavíkur má sjá lista yfir þau fjölmörgu útilistaverk sem prýða Reykjavík.

Listann má nota til þess að fræðast um einstök listaverk, bergja af brunni sögu og lista. Þá er hægt að nota hann til þess að skipuleggja skemmtilega og spennandi ratleiki um Reykjavík.

[Útilistaverk í Reykjavík](#)

Ýmis verkefni

1. Kveikja – Hver var Jón Sigurðsson?

Kennari spyr nemendur hvað þeir viti um Jón Sigurðsson. Skrifa má svör nemenda á töflu og ræða um þau. Með mjög ungum nemendum væri hægt að spyrja af hverju við höldum 17. júní hátíðlegan.

2. Kveikja – Jón Sigurðsson

Kennari les upp fyrir nemendur samantekt um Jón Sigurðsson(sjá hér að neðan). Með lestrinum er hægt að sýna ljósmyndir sem styðja frásöguna.

[Ljósmyndir af Jóni Sigurðssyni](#)

3. Kveikja – Sjónvarpsmyndin Jón Sigurðsson

Nemendum sýnd [sjónvarpsmyndin Jón Sigurðsson](#). Myndin fjallar um ævi og störf Jóns Sigurðssonar, dvöl hans í Kaupmannahöfn og áhrif hans á sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

4. Áfangar í sögu sjálfstæðis

Nemendur kynna sér í litlum hópum helstu áfanga í sjálfstæðissögu þjóðarinnar. Hver hópur tekur fyrir ákveðinn áfanga, allt frá stofnun Hins íslenska bókmenntafélags árið 1816 til stofnunar lýðveldisins 1944. Heimildir: *Sögueyjan*, 2.hefti og *Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar, Árið 1918*.

5. Áfangar í ævi Jóns Sigurðssonar

Nemendur fjalla með leikrænum hætti um einhvern áfanga í ævi Jóns Sigurðssonar. Þetta gæti verið leikþáttur á sviði, hanskabréður, skuggamyndir, útværpsþáttur, fréttaskýringarþáttur. **Heimildir:** Sjónvarpsmynd um Jón Sigurðsson, *Sögueyjan*, 2. hefti og *Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar, Árið 1918*.

Vefheimildir: <http://www.jonsigurdsson.is>; <http://www.hrafnseyri.is>

6. Líf í torfbæ

Nemendur útbúa líkan af torfbæ og fjalla um daglegt líf í sveit um miðja 19. öld. Hvað er breytt miðað við nútíma sveitabýli? Hvað er líkt? Hvað myndi breytast í daglegu lífi ykkar ef þið flyttuð í torfbæ? Nemendur svara þessum spurningum um leið og þeir kynna líkanið. Heimild: Vettvangsferð í torfbæ, eða burstabæ á minjasafni (t.d. Árbæjarsafn). Nemar við Kennaraháskóla Íslands hafa birt vefi um torfbæi, byggða á viðtölum við fólk sem ólst upp í bæjunum eða þekkti til. Viðtölunum fylgja myndir og fleiri gögn.

Vefheimild: [Vettvangsferð í torfbæ](#)

7. Máltíð um miðja 19. öld

Útbúið matseðil sem sýnir daglegar matarvenjur um miðja 19. öld yfir vikutíma. Berið máltíðina saman við hefðbundinn vikumatseðil ykkar. Hvað er líkt – hvað er ólíkt? Hver er munurinn á hlutfalli helstu fæðuflokka milli þessara tveggja matseðla? Nemendur fjalla um niðurstöður sínar á kynningu eða á veggspjaldi. Á minjasöfnum eru til sýningar sem fjalla um þetta (t.d. Minjasafn Akureyrar).

Vefheimild: [Af mörgu skal mat hafa](#)

8. Ættjarðarljóð

Skoðuð eru ættjarðarljóð sem m.a. tengjast sjálfstæðisbaráttunni. Sérstök áhersla er lögð á orðfæri og myndmál. Lögð er áhersla á að nemendur lesi ljóðin með við-eigandi áherslum fyrir áhorfendahóp. Heimildir: *Ljóðsprotar*, *Ljóðspor* og *Ljóðspeglar*.

Nokkur ættjarðarljóð er að finna í námsefninu *Syngjandi skóli*. Efninu fylgja geisladiskar en þar eru lögin sungin af börnum úr Kársnesskóla. Æskilegt er að nemendur læri lögin við nokkra ættjarðarsöngva og syngi þá.



Guernica eftir Picasso.

9. Þjóðfundurinn e. Picasso

Nemendur gera myndverk af þjóðfundinum í anda Picasso. Hér er sérstaklega bent á myndina Guernica sem hann málaði árið 1937. Guernica er stórt málverk, sem fjallar um fjöldamorð sem voru framin í áras á Baskaþorpið Guernica á Spáni á tímum spænsku borgarastyrjaldarinnar. Fleiri heimildir um Picasso má finna á vefum www.picasso.com ásamt ljósmyndum af verkum hans.

10. Sjálfstæðisbaráttan í ljóði

Nemendur velja sér eitt ættjarðarljóð og velta fyrir sér hvernig innihald þess tengist sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.

Meðal spurninga sem hægt væri að spyrja er:

- Um hvað fjallar ljóðið?
- Hvernig er landinu lýst í ljóðunum?
- Hvernig birtist viðhorf ljóðskáldsins til ættjarðarinna í ljóðinu?
- Er eitthvað í ljóðinu sem þú tengir við sjálfstæði?

11. Megas og Jón Sigurðsson

Megas steig fram sem listamaður sem þorði að semja texta sem ögruðu ímynd liðinna íslenskra stórmenna. Lagið er á fyrstu plötu Megasar frá 1972. Lagið er til í annarri útgáfu á plötunni „Á bleikum náttkjólum“ frá árinu 1977. Nemendur lesa og hlusta á lag Megasar: Jón Sigurðsson og sjálfstæðisbarátta Íslendinga. Textinn borinn saman við upplýsingar um lífshlaup Jóns Sigurðssonar, t.d. á vefnum: www.jonsigurdsson.is Að hvaða leyti er Megas að ögra ímynd Jóns? Er eitthvað annað sem nemendur sjá í ímynd Jóns sem þeim finnst stinga í stúf við það gildismat sem þeir hafa?

Jón Sigurðsson og sjálfstæðisbarátta Íslendinga

Lag og texti: Megas

Ó Jón Sigurðsson var sveitungi óþekktrar konu
hann sigldi til Hafnar að nema þar einhver fræði
og krefja Dani einarðlega íslenskum
einum til handa um landsins gögn og gæði

Hann mátti ekkert aumt sjá það er staðreynd
og einatt gekk hann nakinn í rauðum slopp
um íbúð sína sem einhver kaupahéðinn
gaf Íslandi nýskeð og brúkaði gylltan kopp

Nú er Jón dauður en sjálfstæðisbaráttan blífur
við berjumst til þrautar fyrir tungu og frelsi
og við gefum af bókum út eitthvert firnafár
og förgum stundarhagsmunum fyrir nýtt helsi

Orðskýringar:

Sveitungi: úr sömu sveit

Einarðlega: með hreinskilni, ákveðið

Einatt: alltaf

Kaupahéðinn: braskari

Nýskeð: nýlega gerst

Brúkaði: notaði

Blífur: Varanlegt

Firnafár: mjög mikið magn

Helsi: ánauð, ófreli

12. Lífið á Íslandi um miðja 19. öld

Nemendur kynna sér hvernig var að búa á Íslandi um miðja 19. öld. Hvernig voru húsakynnin. Hverjir voru atvinnuvegirnir? Hvernig mat borðaði fólkið? Hvernig höfðu börnin það? Nemendum er skipt upp í hópa sem kynna sér einstök verkefni betur og setja niðurstöður sínar á veggspjöld. Ekki væri úr veki að nemendur hefðu sérstakan afra- og ömmudag þar sem niðurstöður væru kynntar. Heimildir: *Sögueyjan*, 2. hefti og *Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar, Árið 1918, Öldin okkar*.

Vefheimild: Af mörgu skal mat hafa eftir Hallgerði Gísladóttur

Aðrar heimildir: Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti (Námsgagnastofnun 2010) Ísland áður fyrr. Bókaflokkur. T.d. *Heimilið og störfin* (Námsgagnastofnun 1994 og 1998).

13. Frétt um þjóðfundinn

Nemendur semja frétt um þjóðfundinn 1851. Ekki væri úr veki að nemendur skrif-uðu tvær fréttir – aðra út frá sjónarhorni danskra fjölmiðla og hins vegar íslenskra fjölmiðla.

Heimild: Sjónvarpsmyndin Jón Sigurðsson.

14. Danskir í dag?

Nemendur skrifa hugleiðingu um það hvernig þeir halda að íslenskt samfélag væri ef við hefðum ekki fengið sjálfstæði frá Dönum.

15. Norrænir í dag?

Nemendur skrifa hugleiðingu um það hvernig íslenskt samfélag myndi þróast ef Norðurlödin byndust böndum og kæmu fram sem eitt ríki með einn þjóðhöfðingja.

16. Hvað myndi Jón segja?

Stillt er upp málfundur þar sem nemendur fjalla um umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Bæði lið eiga að notast við málflutning Jóns Sigurðssonar í rök-ræðu sinni. Nemendur geta stuðst við útgefnar heimildir og vefheimildir en lista yfir þær má finna á bls. 2 og 3. Svo er einnig sjálfsgagt að nemendur leiti víðar fanga t.d. með því að lesa málflutning þeirra sem eru meðmæltir og andmæltir aðild Íslands að Evrópusambandinu.

17. Ein þjóð – eitt land

Er hægt að tala um Jón sem innflyttjanda þegar hann fluttist til Danmerkur árið 1833? Væri hægt að kalla hann það í dag, ef hann flyttist til Danmerkur? Voru til ríkisfangslausir flóttamenn á dögum Jóns? Hvað þýðir hugtakið „þjóðernishreinsanir“ og á hverju byggjast þær? Nefnið nokkur lönd þar sem þjóðernishreinsanir hafa átt sér stað.

18. Sjálfstæði

Semja ljóð sem fjallar um hvað það þýðir að vera sjálfstæður, bæði sjálfstæður ein-staklingur og svo sjálfstæð þjóð.

19. Aettjarðarljóð á Youtube

Nemendur útbúa ljóðamyndband við aettjarðarljóð að eigin vali. Ljóðið getur verið frumsamið, fengið af Netinu, úr skólabókum eða ljóðabókum. Þegar nemendur hafa valið sér ljóð skoða þeir vel leiðbeiningar um gerð ljóðamyndbanda á vef Námsgagnastofnunar: [Ljóðamyndbönd](#)

20. Jón Sig fyrir mig og þig

Til eru fjölmargir minjagripir og handverk til minningar um Jón Sigurðsson s.s. bolir, peningar, frímerki og margt fleira. Verkefni nemenda er að hanna eigin minjagrip um Jón Sigurðsson. Hjá auglýsingavörufyrirtækjum er hægt að fá vöru-lista til þess að kveikja hugmyndir hjá nemendum.

21. Hvað er að vera Íslendingur? – verkefni fyrir yngri nemendur

Kennari spyr nemendur þessarar spurningar. Möguleg úrvinnsla:

- Nemendur teikna mynd.
- Nemendur skrifa á blað 10 orð sem koma upp í huga þeirra.
- Nemendur stilla sér upp eins og myndastyttrur af einstaklingum sem þeim þykja vera mikilvægir fyrir Ísland og íslenska þjóð.
- Nemendur finna fimm hluti sem þeim þykja mjög íslenskir og segja frá þeim.

22. Hvaða dagar skipta Íslendinga máli og af hverju?

– verkefni fyrir yngri nemendur

Nemendur velta fyrir sér og rifja upp íslenska hátíðisdaga. Þankahríð á töflu. Kennari flokkar dagana í sérlenska hátíðisdaga, hátíðisdaga tengda kristni og aðra frídaga. Hægt að vinna sérstaka hátíðisdagabók. Heimild: *Saga daganna*.

22. Lagið um 17. júní – verkefni fyrir yngri nemendur

Nemendur skoða textann. Kennari útskýrir merkingu orða sem eru nemendum ókunnugleg. Nemendur rifja upp eigin minningar af 17. júní og syngja saman lagið.

Höfundur texta: Bjartmar Hlynur Hannesson

Höfundur lags: Haukur Ingibergsson

Jón Sigurðsson í nokkrum orðum

Jón Sigurðsson var fæddur á Hrafnseyri við Arnarfjörð 17. júní árið 1811. Jón þótti prúður og bráðger og faðir hans kenndi honum sjálfur til stúdentsprófs. Námsefnið heima á Hrafnseyri var nokkurn veginn það sama og kennt var í Bessastaðaskóla og mest áhersla lögð á latínu. Augljóst er að Jón Sigurðsson var bókaormur á unga aldrí og mjög fróðleiksfús.

Vorið 1829, þá 18 ára, hélt Jón til smábæjarins Reykjavíkur til að taka stúdentspróf hjá dómkirkjuprestinum og fékk hann afar loflega prófumsögn. Árið 1830 fékk Jón Sigurðsson vinnu sem ritari hjá biskupnum yfir Íslandi, Steingrími Jónssyni, sem bjó í Laugarnesi í nágrenni Reykjavíkur. Þar var hann heimilisfastur í þrjú ár. Áður en hann sigldi til Kaupmannahafnar haustið 1833 trúlofaðist hann Ingibjörgu Einarsdóttur sem var sjö árum eldri en hann. Þau voru braðrabörn. Hún sat síðan í festum næstu 12 ár eða þar til þau giftust árið 1845.

Jón Sigurðsson sigldi til Kaupmannahafnar haustið 1833 að nema málfræði og sögu. Jón var upp frá því búsettur í Kaupmannahöfn. Hann stundaði nám sitt af kappi og hlaut strax góðar einkunnir. Hann stundaði talsverða vinnu með námi sem ekki veitti af því hann hafði lítil fjárráð, en þetta varð til þess að námið sat stundum á hakanum. Handritarannsóknir og útgáfumál urðu hans helsta lifibrauð alla tíð og hann naut mikils álits í fræðaheimi Kaupmannahafnar. Árið 1851 var Jón kosinn forseti Hafnardeildar Hins íslenska bókmenntafélags og gekk eftir það undir nafninu Jón forseti meðal vina.

Eftir nokkurra ára dvöl í Kaupmannahöfn hóf hann afskipti af stjórnmálum og stofnaði tímaritið *Ný félagsrit*. Hann eignaðist brátt marga einlæga aðdáendur – og varð foringi í nývaknaðri þjóðfrelsisbaráttu Íslendinga. Hann vildi vekja hina daufu og fákunnandi landsmenn sína til dáða og virkja þá til þátttöku í stjórnmálum þannig að þeir gætu staðið jafnfætis öðrum þjóðum. Eftir að Alþingi var endurreist 1845 varð hann strax foringi meirihluta þingmanna og oftast kjörinn forseti Alþingis eftir 1849 en þá stóð Alþingi í sex vikur annað hvert ár. Jón beitti sér fyrir því að menn skrifuðu undir bænarskrár til konungs um margvísleg málefni og voru þær helsta vopnið í baráttu Íslendinga fyrir sjálfstæði og bættum hag. Þetta var friðsöm barátta og aldrei neinu blóði úthellt. Er það einsdæmi í frelsisbaráttu þjóða. Svo veigamikinn sess skipaði hann í hugum Íslendinga við andlát sitt 1879 að heita mátti að hann væri orðinn þjóðardýrlingur.

(unnið úr texta af: www.jonsigurdsson.is)

Ratleikur 1

Jón Sigurðsson



Dagsetning: _____

Þátttakendur:

Munið að taka með skriffaði, liti og myndavél

Stöð 1 – Menntaskólinn í Reykjavík



Menntaskólinn í Reykjavík á rætur að rekja til biskupsstólsins í Skálholti sem stofnaður var árið 1056. Skólinn var fluttur til Reykjavíkur árið 1786 í hús á Hólavelli ofan Suðurgötu. Húsakynnin þar reyndust léleg og skólinn fékk inni á Bessastöðum árið 1805. Hann var starfræktur þar uns nýtt skólahús hafði verið reist í Reykjavík. Það var stærsta hús á landinu og þangað var skólinn fluttur haustið 1846. Hann nefndist Reykjavíkur lærði skóli, en var einnig kallaður Reykjavíkurskóli (Schola Reykjavicensis á latínu), Lærði skólinn eða Latínuskólinn.

Verkefni:

Farið að tröppum Menntaskólans í Reykjavík sem vísa að Lækjargötu og skrifið niður það sem stendur á plötu um Þjóðfundinn.

Stöð 2 – Dómkirkjan í Reykjavík



Dómkirkjan í Reykjavík var byggð á árunum 1787–1796 en það ár var hún vígð. Hún var byggð úr steini þó svo að upphaflega hafi staðið til að byggja hana úr timbri. Segja má að Dómkirkja sé Guðshús, þar sem biskup á sinn opinbera veldisstól eða öndvegi.

Verkefni

Skoðið húsið vel. Finnið eitthvað í útliti hússins sem vekur athygli ykkar og teiknið það upp.

Stöð 3 – Alþingishúsið




Alþingi hefur aðsetur í Alþingishúsinu. Hlutverk Alþingis er að ákveða hvaða lög gilda í landinu. Haustið 1879 var hafist handa við að grafa fyrir grunni og einnig að höggva grjót til byggingarinnar. Grjótið í Alþingishúsið var aðallega tekið úr Þingholtunum þar sem nú er Óðinsgata. Var það klofið með járn- eða stálfleygum eða sprengt með púðri. Grjótið var síðan flutt í vinnuskúr og höggsvoð til og var ýmist flutt á vögnum eða dregið á sleðum að húsgrunninum. Alþingishúsið var vígt árið 1881.

Verkefni

Hvaða ártöl eru skráð á húsið?

Stöð 4 – Minnisvarði Jóns Sigurðssonar



Fyrir framan Alþingishúsið stendur minnisvarði Jóns Sigurðssonar sem leiddi frelsisbaráttu Íslendinga fyrr á tínum. Minnisvarðinn stóð upphaflega fyrir framan Stjórnarráðshúsið við Lækjargötu og var afhjúpaður 10. september 1911. Árið 1931 var hann fluttur á Austurvöll fyrir framan Alþingishúsið, þar sem hann hefur staðið síðan.

Verkefni:

Myndin á stallinum ber ákveðið nafn. Hvert haldið þið að það nafn sé? Hverju er myndin að lýsa?

Stöð 5 – Innréttigar Skúla Magnússonar



Aðalstræti 10 er eitt af húsum Innrétti sem mörkuðu upphafi iðnaðar á Íslandi og stuðluðu að þéttbýli í Reykjavík. Húsin risu á árunum upp úr 1752. Þar með hófst saga höfuðstöðvar landsins. Þetta fyrirtæki lagði megináherslu á ullariðnað en einnig umfangsmikinn sjávarútveg og akuryrkju. Í þessu húsi og nálægum fór ullariðnaðurinn einkum fram.

Verkefni:

Teiknið upp húsið eins og það er nú. Hvaða starfsemi er í húsinu?

Aðalstræti 10 er nú: _____

Stöð 6 – Stjórnarráðið



Stjórnarráðið er bústaður forsætisráðherraembættisins en húsið var upphaflega reist sem fangelsi (tukthús). Tukthúsið var talið geta rúmað 16 stórglæpamenn og 54 venjulega fanga og var byggingu þess lokið veturninn 1770–1771. Eftir 35 ára notkun var því lokað vegna fátækta og ákveðið að tukthúslimirnir, sem þar voru geymdir, skyldu sendast á sínar sveitir „inntil frekari ráðstöfunar“. Árið 1820 var húsinu breytt í embættisbústað stiftamtmanns, æðsta embættismanns Danakonungs hér á landi. Þegar Íslendingar fengu heimastjórn (1904) var húsinu breytt í stjórnarráðsskrifstofu. Hátíðarhöldin á fullveldisdaginn 1. desember 1918 fóru meðal annars fram fyrir framan stjórnarráðið.

Verkefni:

Af hverjum eru styturnar fyrir framan stjórnarráðið?

Stöð 7 – Þjóðmenningarhúsið



Þjóðmenningarhúsið var byggt fyrir Landsbókasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands á árunum 1906 til 1908 og opnað almenningi vorið 1909. Þjóðminjasafn Íslands og Náttúrugripasafn Íslands voru einnig í húsinu um langt árabil. Í Safnahúsinu, eins og það var fljótlega kallað, voru því lengi vel undir einu þaki allir helstu dýrgripir íslensku þjóðarinnar. Þjóðmenningarhúsið hýsir nú margar sýningar um sögu Íslands.

Verkefni::

Hvaða sýningar eru í húsinu núna?

Stöð 8 – Þjóðleikhúsið



Hugmyndinni um Þjóðleikhús var í fyrsta sinn varpað fram skriflega, svo vitað sé, í sendibréfi árið 1873 af Indriða Einarssyni. Indriði setur formlega fram hugmynd sína um Þjóðleikhús 34 árum síðar, í tímaritinu *Skírni*, með hugmyndum um stærð hússins og útbúnað og tilheyrandi útreikningi á kostnaði. Þjóðleikhúsið er eitt merkasta leikhús þjóðarinnar og var það vígt árið 1950.

Verkefni:

Skrifið niður nöfn á tveim leikritum sem sýnd eru í Þjóðleikhúsinu.

Hittumst aftur að leik loknum á Lækjartorgi kl. _____

Ratleikur 2

Jón Sigurðsson



Dagsetning: _____

Pátttakendur:

Munið að taka með skriffaði, liti og myndavél

fyrir 1. – 4. bekk

Stöð 1 – Alþingishúsið



Þetta er Alþingishúsið. Hér ákveða alþingismenn hvaða lög gilda á Íslandi.

Verkefni: Safnist saman við tröppur hússins. Komið með tillögu að einhverjum lögum sem þið viljið að gildi á Íslandi. Geta bekkjarreglur til dæmis hjálpað eitthvað?

Regla 1

Regla 2

Regla 3

Stöð 2 – Viðbygging Alþingishússins



Alþingishúsið er mjög gamalt hús en það var vígt árið 1881. Fyrir nokkrum árum var byggt við húsið.

Verkefni: Safnist saman fyrir framan dyrnar á viðbyggingunni og syngið saman: Öxar við ána.

ÖXAR VIÐ ÁNA

Öxar við ána, árdags í ljóma,
upp rísi þjóðlið og skipist í sveit.
Skjótum upp fána, skært lúðrar hljóma,
skundum á Þingvöll og treystum vor heit.
Fram, fram, aldrei að víkja.
Fram, fram, bæði menn og fljóð.
Tengjumst tryggðarböndum,
tökum saman höndum,
stríðum, vinnum vorri þjóð.

Stöð 3 – Nefndarsvið Alþingis



Á Íslandi er lýðræði. Það þýðir að þjóðin ræður sínum málum. Í alþingiskosningum kjósum við alþingismenn á Alþingi. Þannig veljum við fólk ið sem ákveður hvaða lög skuli gilda í landinu. Til þess að stýra landinu á réttan hátt er mikilvægt að skoða mál frá mörgum hliðum og að fólk fái tækifæri til þess að segja sína skoðun. Í þessu húsi halda alþingismenn marga fundi og fá til sín fjölmarga aðila til þess að heyra skoðun þeirra.

Verkefni: Teiknið mynd af íslenska fánanum.





Stöð 4 – Minnisvarði Jóns Sigurðssonar

Þetta er minnisvarði um Jón Sigurðsson. Jón fæddist 17. júní árið 1811. Einu sinni var Ísland hluti af Danmörku. Jón var leiðtogi þjóðarinnar í sjálfstæðisbaráttu okkar fyrir mörgum árum. Þess vegna var þessi minnisvarði reistur svo við gleymum aldrei Jóni og baráttu hans fyrir sjálfstæði Íslendinga.

Verkefni: Stillið ykkur upp eins og myndastytta af einhverjum sem ykkur finnst vera merkilegur – hvaða myndastytta er hver og einn?

Styttunar voru:

Minnisvarði Jóns Sigurðssonar stóð upphaflega fyrir framan Stjórnarráðshúsið við Lækjargötu og var afhjúpaður 10. september 1911 en var síðan fluttur 1931 á Austurvöll fyrir framan Alþingishúsið, þar sem hann hefur staðið síðan. Styttan er úr bronsi og er eftir Einar Jónsson (1874). Stöpull styttunnar er eftir Guðjón Ó. Samúelsson arkitekt og framan á stöplinum er myndin „Brautryðjandinn“.

Kort af Reykjavík



Kort af Reykjavík



Jón Sigurðsson

Textar

Jón Sigurðsson og sjálfstæðisbaráttá Íslendinga

Ó Jón Sigurðsson var sveitungi óþekktrar konu
hann sigldi til Hafnar að nema þar einhver fræði
og krefja Dani einarðlega íslenskum
einum til handa um landsins gögn og gæði

Hann mátti ekkert aumt sjá það er staðreynd
og einatt gekk hann nakinn í rauðum slopp
um íbúð sína sem einhver kaupahéðinn
gaf Íslandi nýskeð og brúkaði gylltan kopp

Nú er Jón dauður en sjálfstæðisbaráttan blífur
við berjumst til þrautar fyrir tungu og frelsi
og við gefum af bókum út eitthvert firnafár
og förgum stundarhagsmunum fyrir nýtt helsi

Lag og texti: Megas



Jón Sigurðsson

Textar

ÖXAR VIÐ ÁNA

Öxar við ána, árdags í ljóma,
upp rísi þjóðlið og skipist í sveit.
Skjótum upp fána, skært lúðrar hljóma,
skundum á Þingvöll og treystum vor heit.
Fram, fram, aldrei að víkja.
Fram, fram, bæði menn og fljóð.
Tengjumst tryggðarböndum,
tökum saman höndum,
stríðum, vinnum vorri þjóð.



Jón Sigurðsson

Textar

17. júní

Blóminn springa út og þau svelgja í sig sól,
sumarið í algleymi og hálft ár enn í jól.
Í hjarta sínu fólkis gleðst og syngur lítið lag,
því lýðveldið Ísland á afmæli í dag.

::: Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei,
það er kominn 17. júní. :::

Jóni heitnum Sigurðssyni færir forsetinn,
firnamikinn árvissan og stóran blómsveiginn.
Fjallkonan í múnderingu prílar upp á pall,
pent hún les upp ljóð, eftir löngu dauðan kall.

::: Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei,
það er kominn 17. júní. :::

Skrúðgöngurnar þramma undir lúðrasveitarleik,
lítill börn með blöðrur, hin eldri snafs og reyk.
Síðan líður dagurinn við hátíðannahöld,
heitar étnar pylsurnar við fjölmörg solutjöld.

::: Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei,
það er kominn 17. júní. :::

Um kvöldið eru allsstaðar útidansleikir,
að sunnan koma rándýrir skemmtikraftarnir.
En rigningin bindur enda á þetta gleðigeim,
því gáttir opnast himins og allir fara heim.

::: Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei,
það er kominn 17. júní. :::

Höfundur texta: Bjartmar Hlynur Hannesson
Höfundur lags: Haukur Ingbergsson

